

## Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður. Skipuðum málaflutningsmanni stefndu, Oddi Gíslasyni yfirréttarmálaflutningsmanni, bera 20 kr. í málflytningu laun úr landsjóði.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri lagaaðför.

3. marz nr. 40/1912.

Þorsteinn Sveinsson Kjarval  
gegn

Eggert Claessen og Thor Jensen  
f. h. J. P. Thorsteinsson & Co.

## Dómur:

Vorið 1910 31. marz var áfrýjandi Þorsteinn Sveinsson Kjarval lögskráður í skipsrúm á botnvörpuskipið »Valur« eign hins stefnda hlutafélags P. J. Thorsteinsson & Co, meðan skipið stundaði fiskiveiðar 1910 gegn 130 kr. mánaðarkaupi; var hann ráðinn sem »3. hönd«, og virðist málsaðilum koma saman um, að þeirri stöðu á skipinu fylgi sá starfi, að gera að netum, botnvörpum, er þær rifna. Í þessu skiprúmi var áfrýjandi til 14. maí s. á., en þá lét skipstjórinn hann vita, að hann gæti eigi verið áfram í skipinu með sama kaupum, með því að hann væri eigi fær um að gegna viðunanlega starfi því; neta-

aðgerð, er hann var ráðinn til, en gerði honum kost á að halda skiprúmi með venjulegu hásetakaupi. Varð það úr, að áfrýjandi fór af skipinu, en hann taldi þessa breytni við sig sammingsrof og höfðaði því mál þetta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur á hendur útgerðarmönnum skipsins, þeim Thor Jensen kaupmanni og Eggert Claessen yfirréttarmálafutningsmanni fyrir hönd nefnds hlutafélags til greiðslu á umsömdu kaupi frá 14. maí til 24. okt. 1910, kr. 693,33 og fæðispeningum sama tíma, kr. 160,00, en með dómi nefnds réttar, uppkveðnum 28. marz f. á. voru stefndu sýknaðir í málinu, og málskostnaður látinn falla niður.

Áfrýjandi hefir nú skotið þessum dómi til yfirdómsins, og gert þar sömu kröfur og fyrir undirrétti, en til vara krafist þess, að kaup hans og fæðispeningar verði reiknað til 28. sept., ef eigi verði álitid, að »Valur« hafi verið lengur en til þess dags á fiskiveiðum 1910; hann krefst og málskostnaðar fyrir báðum dómum. Hinsvegar er þess af hálfu stefndu krafist, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur og þeim verði dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Stefndu líta svo á, að skipstjórinn hafi haft fulla heimild til að vísa áfrýjanda úr skiprúmi fyrir greindar sakir, að hann hafi eigi kunnað starf það, er hann réð sig til, svo að skipstjóri og aðrir hafi orðið að vinna það í hans stað, en til þess starfs þurfi sérkunnáttu og æfingu, og sé netamönnum ætíð göldið hærra kaup en óbreyttum hásetum.

Áfrýjandi staðhæfir aftur á móti, að hann sé vanur netamaður og hafi oft fengist við það starf áður en hann réðist á »Val«, en sérstaklega heldur hann fram, að skip-



stjórinn hafi með greindu atferli sínu breytt á móti 67. grein farmannalaganna 22. marz 1890, þar sem hann hafi eigi farið eftir þeim reglum, sem þar eru settar um það, er skipstjóri vill lækka kaup farmanns, sakir þess, að hann reynist ónýtur til þess starfa, er hann hefir ráðið sig til. En þetta lagaákvæði getur eigi komið hér til greina, með því að kaup áfrýjanda hefir eigi verið lækkað, en hann hefir haldið fullu umsömdu kaupi meðan hann var á skipinu. En hins vegar skerðir eigi nefnt lagaákvæði rétt skipstjóra til að vísa manni úr skiprúmi sakir ódugnaðar eða kunnáttuleysis, og þenna rétt þóttist skipstjórinn hafa ástæðu til að nota, þegar hann kom með skipið hingað á höfnina í vertíðarlokin 1910, og það skiftir eigi máli hér, að skipstjórinn, um leið og hann sagði áfrýjanda uppskipsvistinni, gerði honum kost á að vera áfram á skipinu með lægra kaupi. Eftir þessu verða úrslit málsins undir því komin, hvort réttmætt hafi verið að svifta áfrýjanda skiprúmi af greindri ástæðu. Því til sönnunar hefir verið tekinn vitnisburður skipstjórans og eins af hásetunum, sem þá voru á skipinu. Hefir skipstjórinn borið það, að áfrýjandi hafi, þegar hann átti að fara að stunda starf sitt, reynst svo fákunnandi í því, að hann, að áliti skipstjóra hafi eigi verið því vaxinn, og hitt vitnið skýrir svo frá, að skipstjóri hafi oft kallað sig til og sýnt sér, hve fákunnandi áfrýjandi var sem netamaður, þann tíma sem hann átti að gegna því starfi í apríl og maí 1910, og tjáðist vitnið vera skipstjóra að öllu samdóma um það, að áfrýjandinn hafi eigi verið netamannsstarfinu vaxinn. Sama hefir og annar háseti á »Valnum« vottað, en vitnisburður hans fyrir rétti hefir eigi náðst. En áfrýjandi mótmælir gildi þessara vitna, skipstjórans, af

Því að málið varði hann, þar sem hann beri ábyrgð gagnvart stefndu á ólöglegri brottvísun áfrýjanda úr skiprúmi, og hins vitnisins sökum þess, að það beri eigi skynbragð á umgetið starf. Þessi mótmæli gegn vitnum þessum verða þó eigi metin gild. Skipstjórinn, sem farinn var úr þjónustu stefndu, þegar vitnisburður hans var tekinn, verður eigi talinn hafa bakað sér neina ábyrgð gagnvart útgerðarmönnum skipsins með téðri ráðstöfum, þegar af þeirri ástæðu að gera verður ráð fyrir, að hann, er hann var hér á höfninni með skipið, hafi ráðfært sig við stefndu eða þá tilkynt þeim ráðstöfunina, svo að hún hafi verið gerð með þeirra samþykki eða vitorði. Um hitt vitnið nægir að taka það fram, að það virðist eigi þurfa frekari þekkingu til að dæma um, hvernig viðgerð á botnvörpunetum fer úr hendi, hvort hún sé í lagi, heldur en hásetar á botnvörpuskipum, er daglega nota þetta veiðarfæri, alment hafa. Það verður því að telja þessa vitnisburði gilda, og þeir virðast styrkjast við það, að áfrýjandi, sem hefir lagt fram í málinu góða vitnisburði um dugnað sinn, trúmensku og áreiðanleik sem farmanns á botnvörpuskipinu, hefir eigi lagt fram neitt vottorð um að hann kunni að netamannsstörfum eða hafi fengist við þau, sem honum þó var áriðandi í þessu máli. Það verður því að telja sannað, að áfrýjandinn hafi eigi verið vaxinn því starfi, er hann réð sig til á »Valnum« og var skipstjóra þá eigi óheimilt að segja honum upp vistinni, þótt ráðningartíminn væri eigi á enda.

Samkvæmt framansögðu ber að sýkna hina stefndu, og með því að málskostnaðarákvæði bæjarþingsdómsins einnig samþykkist, ber að staðfesta hann að öllu leyti.



Málskostnað fyrir yfirdómi þykir rétt að áfrýjandi greiði hinum stefndu og ákveðst hann 30 krónur.

Þ v í d æ m i s t r é t t i v e r a :

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Afryjandi Þorsteinn Sveinsson Kjarval greiði stefndu Eggert Claessen og Thor Jensen fyrir hönd P. J. Thorsteinsson & Co. 30 krónur í málskostnað fyrir yfirdómi innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri lagaáðför.

Nr. 51/1912

Landsími Íslands  
gegn  
Einari M. Jónassyni.

D ó m u r :

Mál þetta var í héraði höfðað af stjórn landsímans gegn stefnda, yfirréttarmálaflutningsmanni Einari M. Jónassyni, til þess að fá hann dæmdan til að greiða landsímanum 12 kr. í afnotagjald fyrir talsíma og 2 kr. 75 aura fyrir símasamtöl út um landið í maí og júní 1911, og var það dæmt í bæjarþingsrétti Reykjavíkur 1. ágúst f. á. á þá leið, að stefnda var gert að greiða landsímanum 12 kr. með 6<sup>0</sup>/<sub>0</sub> ársvöxtum frá 19. apríl 1912, en málskostnaður látinn falla niður.